

Mánudaginn 15. apríl 1940.

Nr. 115/1939. Áskell Snorrason, Björn Grímsson og
Sigfús Baldvinsson fyrir sjálfa sig og
f. h. Söltunarfélags verklýðsins á Ak-
ureyri (Eggert Claessen)

gegn

Bæjarstjórn Akureyrar f. h. bæjar-
sjóðs (Jón Ásbjörnsson).

Tiltekinn félagsskapur verkafólks við sildarsöltun
ekki talinn falla undir lög nr. 36 frá 1921 um
samvinnufélög. Félagar ekki taldir persónulega
ábyrgir fyrir skuldbindingum félagsins.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er kveðinn upp af settum bæjar-
fógeta Guðmundi Eggerz, fyrrverandi sýslumanni.

Áfrýendur, sem hafa að fengnu áfrýjunarleyfi
18. okt. 1939 skotið máli þessu til hæstaréttar með
stefnu 2. nóv. s. ár, hafa krafizt þess, að sýknu-
ákvæði héraðsdómsins um meðáfrýjanda Áskel
Snorrason verði staðfest, en að hinir áfrýjendurnir
verði bæði fyrir sjálfa sig og Söltunarfélag verk-
lýðsins á Akureyri sýknaðir af kröfum stefnda í
máli þessu. Ennfremur krefjast áfrýjendur máls-
kostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæsta-
réttar.

Stefndi, sem ekki hefir áfrýjað málinu, krefst
staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar fyr-
ir hæstarétti eftir mati dómsins.

Þann 26. maí 1929 var stofnað félag á Akureyri,
er nefndist Söltunarfélag verklýðsins þar. Tilgangur
félagsins var „að gefa verkafólki því, er að sildar-
söltun vinnur í Akureyrarbæ, kost á að njóta sjálft

arðsins af söltuninni“. Í félagið skyldi aðeins taka verklýðsfélaga, sem heima áttu á Akureyri eða svo nærri Akureyri, að þeir sækti þangað vinnu. Í flutningi málsins segir, að félagsskapur þessi hafi ekki verið stofnaður í gróðaskyni, heldur til þess eins að greiða fyrir atvinnu verkafólks á Akureyri á þeim atvinnuleysistímum, er þá hafi farið þar í hönd. Félag þetta var aldrei tilkynnt til félagaskrár. Inntökugjald var 5 krónur á mann, er greiða skyldi í varasjóð, en annars verður ekki séð, að félagið hafi ráðið yfir stofnfé. Hinsvegar skyldi leggja í varasjóð félagsins 10 auru af hverri tunnu, er félagið saltaði, og 10% af ársarði af starfsemi þess. Að öðru leyti skyldi skipta hagnaði milli félagsmanna sem uppbót á kaupgjaldi þeirra. Ef rekstrarhalli yrði, svo að ekki yrði unnt að greiða kaupgjald að fullu, þegar öðrum „kvöðum“ væri fullnægt, skyldi hallinn jafnaður með afdrætti af kaupi hvers félagsmanns í hlutfalli við upphæð þess. Ef reksturinn gengi mjög illa eitthvert ár, mátti aðalfundur ráðstafa ótilteknum hluta varasjóðs til þess að bæta félagsmönnum að einhverju leyti það atvinnutjón, sem þeir hefðu orðið fyrir af þeim orsökum.

Félagsstjórnin, sem skipuð var þremur mönnum, tók með samningi 24. júní 1931 innri hafnarbryggjuna á Akureyri á leigu til sildarsöltunar fyrir að minnsta kosti 2700 króna leigu yfir sumarið. Þann 7. apríl 1933 viðurkennir meiri hluti félagsstjórnarinnar, að félagið sé skuldugt orðið stefnda vegna bryggjuleigunnar um kr. 2700.00, er greiða skuli þannig, að félagið „selur ... hafnarsjóði Akureyrar sildarsöltunartæki félagsins ... samkvæmt meðfylgjandi munalista, sem stjórnin virðir lauslega á ca. 2000 krónur, en hafnarsjóður leigir félaginu þau

áfram“ leigulaust, en gegn viðhaldi og endurnýjun leigutaka. „Félagið áskilur sér rétt til að fá áhöldin keypt aftur og greiðir þau ásamt afgangi skuldarinnar á næstu þremur árum“ með jöfnum afborgunum árin 1933—1935. Ef félagið stæði ekki í skilum með afborganir þessar, þá skyldi skuldeigandi mega taka tækin eftir mati óvilhallra manna, enda skyldu eftirstöðvar skuldarinnar þá fallnar í gjalddaga, og skyldi mega gera fyrirvaralaust „lögtag“ í eignum félagsins til tryggingar eftirstöðvunum. Undir gerning þenna hafa skrifað tveir af stjórnendum félagsins og þáverandi bæjarstjóri Akureyrar, Jón Sveinsson málflutningsmaður.

Félagsstjórnin hafði söltunartækin í vörzlum sínum, þangað til vorið 1937, enda neytti hún ekki endurkaupsréttar síns. Þá voru tækin eða mestur hluti þeirra afhentur til eignar útgerðarmanni einum á Akureyri að ráðstöfun skuldeiganda, en næsta haust, 2. sept. 1937, voru þau virt á kr. 232.00 af tveimur mönnum, er kaupandi og seljandi nefndu til, án þess að félagsstjórnin ætti þar hlut að máli, enda telur hún sölu þessa og virðingu sér óviðkomandi, og málflutningsmaður stefnda í héraði segir virðinguna að engu hafandi. Telja áfrýjendur stefnda hafa orðið eiganda tækjanna með gerningnum frá 7. apríl 1933. Samkvæmt gerningi þessum virðist stefndi hafa látið sér lynda hið „lauslega“ mat, er félagsstjórnin lagði á muni þessa, og hefðu þá átt að standa eftir af skuldinni kr. 700.00, sem ekkert var samið um og ógreiddar eru. Með því að stefndi notaði sér ekki af heimild þeirri, sem honum kann að hafa enn staðið til boða vegna vanskila á 700 krónunum, til að láta meta sér upp í skuldina nefnda muni, þegar þeir voru teknir úr vörzlum félags-

stjórnarinnar, þá verður að telja hann hafa þá enn unað við verðlagningu þeirra samkvæmt gerningnum 7. apríl 1933, og að félagið skuldi honum því nú aðeins áðurnefndar 700 krónur.

Svo sem ráða má af framanskráðri greinargerð um tilgang og háttu félagsskapar þess, er í máli þessu greinir, vantar mikið á, að hann fullnægi þeim skilyrðum, er lög setja um samvinnufélög, sbr. einkum 6. tölul. 3. gr. og 2. málsg. 7. gr. laga nr. 36/1921, og verður félagið því ekki talið til samvinnufélaga. Verða áfrýjendur Björn Grímsson og Sigfús Baldvinsson, en um þá er hér eina að tefla í þessu sambandi, því ekki taldir persónulega ábyrgir um ofangreinda skuld vegna þátttöku sinnar í félagsskapnum eftir lögum um samvinnufélög, sbr. 2. tölul. 3. gr. fyrrnefndra laga, og eigi heldur sakir þátttöku sinnar í stjórn félagsins, sbr. 2. málsg. 9. gr. sömu laga.

Tilgangur og hættir félagsskaparins benda ekki heldur til þess, að tilætlunin hafi verið, að félagsmenn almennt eða stjórnendur sérstaklega skyldu ábyrgjast persónulega skuldir félagsins, og mátti viðsemjendum félagsins, og þar á meðal stefnda alveg sérstaklega, vera þetta ljóst, og gat hann því alls ekki gert ráð fyrir því í skiptum sínum við félagið, að stjórnarmenn þess eða aðrir félagar ábyrgðust persónulega efndir á skuldbindingum þeim, er þetta mál varðar. Verður því að sýkna áfrýjendur af kröfum stefnda um persónulega ábyrgð á hendur þeim á greiðslu áðurnefndra 700 króna. Hinsvegar verður að dæma áfrýjendurna Björn Grímsson og Sigfús Baldvinsson til þess f. h. Söltunarfélags verk lýðsins á Akureyri að greiða stefnanda téðar 700 krónur.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjendur, Áskell Snorrason, Björn Grímsson og Sigfús Baldvinsson, eiga að vera sýknir af kröfum stefnda, bæjarstjórnar Akureyrar f. h. bæjarsjóðs, þeim á hendur persónulega. Áfrýjendur Björn Grímsson og Sigfús Baldvinsson greiði f. h. Söltunarfélags verklýðsins á Akureyri stefnda kr. 700.00 að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 13. apríl 1939.

Mál þetta hefir stefnandinn, Steinn Steinsen, bæjarstjóri, f. h. bæjarstjórnar Akureyrar höfðað að undan-genginni árangurslausri sáttatilraun fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, útg. 8. apríl 1938, gegn stefndu söltunarfélagi verklýðsins á Akureyri, þeim Birni Grímssyni, verzlunarstjóra, Aðalstræti 17, Sigfúsi Baldvinssyni, útgerðar-manni, Fjólugötu 10, og Áskeli Snorrasyni, kennara, Þingvallastræti 10, öllum til heimilis á Akureyri, til að fá þá dæmda f. h. félagsins og sjálfa persónulega sem með-ábyrga, einn fyrir alla og alla fyrir einn, til greiðslu á kr. 2468.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 1. okt. 1935 til greiðslu-dags og málskostnaði að skaðlausu eða eftir mati rétt-arins.

Málavextir eru þessir:

24. júní 1931 leigði þáverandi bæjarstjóri f. h. hafnar-sjóðs Akureyrarbæjar stefndu innri hafnarbryggjuna á Akureyri til sildarsöltunar.

Gjaldlagi leigunnar var 1. október 1931.

7. apríl 1933 viðurkennir stjórn Söltunarfélags verk-lýðsins að skulda hafnarsjóði Akureyrar kr. 2700.00 og

selur nú hafnarsjóðnum sildarsöltunartæki félagsins á Akureyri og Siglufirði upp í skuldina, en hafnarsjóður leigi félaginu þau áfram, og skal engin leiga fyrir þau greidd, en stjórnin lofar að endurnýja þau jafnóðum og þau ganga úr sér. Þá áskilur félagið sér rétt til að fá áhöldin keypt aftur og skuldbindur sig til þess að greiða þau ásamt afgangi skuldarinnar á árunum 1933—1935 með kr. 900.00 á ári.

Munalisti sá, er getur um í samningnum, rjskj. nr. 3, mun vera rjskj. nr. 4, upptalning eftir St. Þ. Guðmundsson, sem undirritar samninginn sem formaður söltunarfélagsins ásamt Sigfúsi Baldvinssyni.

Í þessum samningi virðir stjórnin söltunartækin lauslega á kr. 2000.00, en hafnarsjóður áskilur sér hinsvegar, ef eigi er staðið í skilum, að taka söltunartækin aftur eftir mati óvilhallra manna.

Umboðsmaður stefnanda heldur fram, að söltunartækin hafi verið geymd ónotuð til ársins 1937, að bærinn tók þau, lét meta og selja án ihlutunar stefnds eða stefndu. Það þykir upplýst í málinu, að stefndu hafa ekki látið af hendi við stefnanda önnur söltunartæki en þau, er tilgreind eru á fjskj. nr. 30, „bærinn“, sem stefndu lögðu fram í málinu, en það eru auðsjáanlega sömu tækin og þau á rjskj. nr. 5, er stefndur Björn Grímsson afhenti Bjarna nokkrum Bjarnasyni, starfsmanni Jóns Kristjánssonar, og metin voru á kr. 232.00.

Í sáttakærunni telur stefnandi, að hann hafi tekið við þessum söltunartækjum og selt þau fyrir matsverð með samþykki formanns söltunarfélagsins, en Stefán Jónasson og Friðjón Stephensen hafi verið tilnefndir að meta tækin á rjskj. nr. 5 af aðiljum. En undir rekstri málsins telur stefnandi þetta misskilning og tekur fram meðal annars: „Hann afhenti mér síðar matslistann á rskj. 5, og datt mér þá ekki annað í hug en Friðjón Stephensen, sem undirskrifar matsskjalið með Stefáni, hefði verið útnefndur af Birni Grímssyni og að Björn Grímsson væri öllum þessum ráðstöfunum samþykkur og að Jón Kristjánsson ætti að greiða andvirði áhaldanna til mín f. h. umbjóðanda míns.“

„En nú er ljóst bæði af mótmælum heiðr. andstæðings á rjskj. 8 og sömuleiðis af vottorði Jóns Kristjánssonar á rjskj. 13, að sáttakæran á rjskj. nr. 2 er byggð á misskiln-

ingi, hvað það snertir, að matið hefir aldrei farið fram á þann hátt, sem umtalað var, og er því rjskj. 5 ógilt.“

Það má telja upplýst, sbr. vottorð Jóns Kristjánssonar, rjskj. 13, að hann hafi mótttekið söltunartækin, sem tilgreind eru á rjskj. nr. 5, og ekki greitt neitt enn fyrir þau, en tækin brunnu í húsi Jóns á Oddeyrartanga 3. marz 1938.

Rétturinn lítur svo á, að eins og málavextir liggja fyrir, hafi stefnda Birni Grímssyni verið heimilt að afhenda Bjarna Bjarnasyni f h. Jóns Kristjánssonar söltunartækin á rjskj. nr. 5, og enn þykir augljóst, að andvirði tækjanna hafi átt að ganga upp í skuld stefndu við stefnanda, en þó að tækin hafi brunnið og mat því óframkvæmanlegt og þótt matið á rjskj. nr. 5 sé ekki bindandi í sjálfu sér fyrir stefndu, þar sem því er haldið fram, að þeir hafi engan þátt tekið í matinu, þá geta stefndu þó hinsvegar ekki sett það verð á söltunartækin, er þeim sýnist.

Stefndu vilja ekki sætta sig við þann frádrátt, er þeir hafa fengið, kr. 232.00 samkv. stefnunni, fyrir umrædd tæki, en halda fram, að hafnarsjóður hafi keypt söltunartækin á rskj. nr. 5 fyrir kr. 2000.00 og að bænum hafi verið afhent tækin.

Á þetta getur rétturinn ekki fallizt, því í samningnum, rjskj. 3, áskilur hafnarsjóður sér rétt til að taka söltunartækin eftir mati óvilhallra manna, ef félagið standi ekki í skilum. Enn er það ljóst, að stefndu hafa ekki afhent önnur tæki en þau, er greind eru á rjskj. nr. 30 og nr. 5, en það eru ekki öll þau tæki, er ræðir um í samningnum, rjskj. nr. 3.

Að öllu þessu athuguðu og þegar þess er gætt, að aðfinningar stefndu á matinu fyrir utan formhliðina eru aðallega fólgnar í þessum orðum: „mjög lágt eins og t. d. sildarkössunum kr. 15.00, sem kosta nýir um kr. 60.00,“ að vitnið Bjarni Bjarnason segir, að áhöldin hafi verið að meira eða minna leyti biluð, svo að viðgerðar þurfti við til þess að þau yrðu nothæf við sildarsöltun, sbr. rjskj. nr. 14, að sama vitni ber, að þau tæki, sem stefndur Björn Grímsson afhenti því sem tilheyrandi bænum, voru miklu lélegri en þau er Björn sagði, að tilheyrðu söltunarfélaginu, að stefndu hafi enga tilraun gert til þess að sýna fram á verðmæti hinna afhentu muna á rjskj. nr. 5, þykir verða, úr því söltunartækin eru brunnin, eins og áður er um

getið, að leggja matið á rskj. nr. 5 til grundvallar viðskiptum aðilja, að því er hin afhentu tæki snertir.

Samkvæmt þessu ber að lita svo á sem stefndu skuldi umstefnda upphæð.

Raunar hafa stefndu staðhæft, að Akureyrarbær hafi notað bryggju þá, er söltunarfélagið leigði og tekið gjald fyrir, sem eigi samkvæmt samningnum, rjskj. nr. 3, að dragast frá kröfu stefnanda.

Í samningnum, rjskj. nr. 3, er tekið fram, að stjórn söltunarfélagsins áskilur, að leigusamningurinn skerði ekki þann rétt, sem félagið kann að hafa til að gera gagnkröfu á hendur hafnarsjóði vegna afnota, sem fram fóru á hinni leigðu eign, meðan á leigutímanum stóð, og hafnarsjóður fékk greiðslu fyrir.

Stefnandi mótmælir, að stjórn hafnarsjóðs hafi haft slík afnot af bryggjunni, er komi í „bága við leigusamninginn“, rjskj. nr. 10.

Þar sem stefndu hafa ekki skýrt nánar, hvers eðlis gagnkröfuréttur sá er, sem ræðir um í samningnum frá 7. apríl 1933 og þeir fengu á hafnarsjóð, en stefnandi hinsvegar engar skýringar viljað gefa um þetta atriði, sér rétturinn sér ekki fært að taka umræddar frádráttarkröfur stefndu til greina.

Þá ber að athuga önnur ágreiningsatriði aðilja í málinu.

Stefnandi krefst þess, að hinir stefndu Björn Grímsson, Sigfús Baldvinsson og Áskell Snorrason verði allir fyrir einn og einn fyrir alla dæmdir persónulega meðábyrgir Söltunarfélagi verklýðsins, þar eð félagið hafi ekki verið skrásett. Stefndu mótmæla því hinsvegar, að þeir hafi tekið á sig persónulega skuldbindingu með undirskrift sinni undir rjskj. nr. 3, heldur aðeins undirritað samninginn f. h. félagsins sem stjórn, og stefndi Björn Grímsson heldur fram, að hann hafi verið mótfallinn samningnum og því ekki undirritað hann.

Þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að tveir menn hafi ekki getað skuldbundið félagið — rjskj. 3 er aðeins undirritað af tveimur úr stjórninni —, þar sem stjórnina skipa 3 menn samkvæmt hinum framlögðu félagslögum, rjskj. nr. 9.

Það er upplýst, að Söltunarfélag verklýðsins var ekki skrásett, ennfremur að tilætlunin var að hafa það með

samvinnufélagssniði, sbr. 3. gr. félagslaganna in fine og yfirlýsingu umboðsmanns stefndu undir munnlegu mál-færslunni um, að félagið hafi aldrei verið skrásett, en átt að vera samvinnufélag.

Samkvæmt samvinnufélagalöggjöfinni er gert ráð fyrir, að stjórn félaganna fari með málefni félaganna milli funda og að afl atkvæða ráði úrslitum, sbr. 21. gr. laga um samvinnufélög nr. 36 frá 27. júní 1921 og 21. gr. samvinnufélagalaga frá 13. júní 1937, nr. 46.

Það verður því að líta svo á, að samningurinn frá 7. apríl 1933, rískj. nr. 3, sé bindandi fyrir söltunarfélagið, þó aðeins 2 úr 3ja manna stjórn hafi undirritað hann, en það er viðurkennt, að þegar samningurinn var undirritaður, voru þeir Steinþór Guðmundsson, Sigfús Baldvinsson og Björn Grímsson í stjórn söltunarfélagsins.

Að því er viðkemur hinni persónulegu ábyrgð, er skýrt tekið fram í 9. gr. tveggja ofangreindra samvinnufélagalaga, að í félagi, sem ekki er skrásett, beri stjórnendur þess ábyrgð á þeim skuldbindingum, er þeir gera fyrir félagsins hönd.

Stefndu Björn Grímsson og Sigfús Baldvinsson verða því að skoðast sem persónulega meðábyrgir fyrir skuldbindingum söltunarfélagsins, að því er þetta mál, sem stefnt er fyrir, snertir, því þar sem lögin á meðal annars leggja í framanskráðum greinum ábyrgðina á hendur stjórnenda félaganna, þykir það liggja í hlutarins eðli, að það geti ekki losað stefnda Björn Grímsson við persónulega ábyrgð, þótt hann undirskrifaði ekki rískj. nr. 3, úr því hann var í stjórninni, en meiri hluti stjórnarinnar gat hinsvegar bundið félagið.

Hinsvegar getur stefnandi ekki komið persónulegri ábyrgð fram gegn stefnda Áskeli Snorrasyni sem einum stjórnenda félagsins, þar sem hann var ekki í stjórninni, þegar umræddur samningur var gerður. Hann á því að vera sýkn fyrir persónulegri ábyrgð í máli þessu.

Með sakaukastefnu, dags. 10. okt. 1938, hefir stefnandi stefnt Steinþóri Guðmundssyni kennara í Ásvallagötu nr. 2 í Reykjavík inn í málið og gert þær kröfur, að hann verði dæmdur f. h. Söltunarfélags verklýðsins Akureyri in solidum með hinum stefndu í aðalmálinu til greiðslu á kr. 2468.00 með vöxtum og málskostnaði.

Sem ástæðu fyrir því, að Steinþóri Guðmundssyni hafi ekki verið stefnt fyrr, færir stefnandi, að undir rekstri málsins hafi mótparturinn haldið fram, að búið væri að leysa upp söltunarfélagið og hinir upprunalegu stefndu gætu því ekki skoðast sem stjórn félagsins.

Nú hefir umboðsmaður stefndu í rjskj. nr. 22 tekið þetta fram:

„Söltunarfélaginu hefir aldrei verið formlega slitið,“ og einn af málsaðiljum, stefndi Björn Grimsson, hefir lýst yfir í réttinum, að félagið „hefir aldrei verið uppleyst löglega“.

Staðhæfing stefnanda um þetta atriði virðist því röng og þar sem hann hefir ekki fært önnur rök en staðhæfingu þessa fyrir því, að Steinþóri var stefnt inn í málið, verður að taka kröfu stefndu um, að sakaukamálinu verði vísað frá rétti, til greina.

Samkvæmt því sem að framan er skráð, ber stefndum, þeim Birni Grimssyni, Sigfúsi Baldvinssyni og Áskeli Snorrasyni f. h. Söltunarfélags verklýðsins á Akureyri, að greiða stefnandanum, bæjarstjóra Steini Steinsen f. h. bæjarstjórnar Akureyrar, kr. 2468.00. Þá greiði og þessa upphæð kr. 2468.00 stefndu Björn Grimsson og Sigfús Baldvinsson stefnandanum sem persónulega meðábyrgir ofanefndu söltunarfélagi einn fyrir báða og báðir fyrir einn.

Vaxtakrafa stefnanda verður ekki tekin til greina, þar eð tekið er fram í samningnum, rjskj. nr. 3, að enga vexti skuli greiða af skuld söltunarfélagsins.

Eftir öllum málsatvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður, og skal jafnframt tekið fram, að þar sem stefndur Sigfús Baldvinsson var í útlöndum, þegar sáttakærufundurinn 9. marz f. á. var haldinn, hefir hann ekki brotið sáttalöggjöfina, þótt hann mætti ekki á sáttafundinum.

Dráttur sá, er orðið hefir á dómsuppsögninni, stafar af miklum embættisönnum, því að hinn reglulegi dómari hefir nýverið verið veikur í tvo mánuði, og auk þess er dymbilvikan nýliðin.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Björn Grimsson, Sigfús Baldvinsson og Áskell Snorrason f. h. Söltunarfélags verklýðsins á Ak-

ureyri, greiði stefnanda, bæjarstjóra Steini Steinsen f. h. bæjarstjórnar Akureyrar, kr. 2468.00, Þá greiði og þessa upphæð, kr. 2468.00, stefndu Björn Grimsson og Sigfús Baldvinsson stefnanda sem persónulega með-ábyrgir ofan nefndu söltunarfélagi, einn fyrir báða og báðir fyrir einn.

Áskell Snorrason sé sýkn fyrir kröfunni um persónulega ábyrgð.

Málskostnaður fellur niður. Sakaukamálinu gegn Steinþóri Guðmundssyni visast frá réttinum.

Miðvikudaginn 17. apríl 1940.

Nr. 130/1939. **Sigurjón Fjeldsted**

(cand. jur. Kristján Guðlaugsson)

gegn

Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs

(cand. jur. Ólafur Þorgrímsson).

Valdniðsla.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er uppkveðinn af Birni Þórðarson, lögmanni í Reykjavík.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 16. desember 1939, krefst þess, að viðurkenndur verði með dómi réttur hans til endurgjalds úr hendi stefnda fyrir lóðarspildu þá, að stærð 87,3 fermetrar, sem tekin var 1933 undir götu úr lóð hans nr. 1 við Veghúsastíg í Reykjavík. Ennfremur krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst hinsvegar staðfestingar héraðsdómsins, að því er varðar endurgjaldsskyldu hans fyrir téða lóðarspildu, og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.